

Stíll 2023-2024

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Stíll er hönnunarkeppni á vegum Samfés þar sem nemendur úr hverri félagsmiðstöð senda lið til að taka þátt, skipað 2-4 einstaklingum. Unnið er út frá þema og verður allur klæðnaður, hár og förðun metin ásamt hönnunarmöppu sem sýnir ferlið. Markmið Stíls er að hvetja unglinga til listsköpunar og um leið gefa þeim aukin tækifæri til frumlegrar hugsunar og virkja sköpunarhæfileikana.

Kennsluaðferðir:

- sýnikennsla
- skapandi vinnubrögð
- umræður- samræður

Nemendur vinna að markmiðum sínum undir leiðsögn kennara sem sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Rík áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga; vinni sjálfstætt, geri tilraunir og prófi sig áfram bæði í sköpun og aðferðum.

Námsáætlun

Lögð er áhersla á sköpun og persónulegt handbragð. Nemendur þjálfast í helstu aðferðum sem tengjast keppninni, fatahönnun, förðun, hárgreiðslu og átti sig á vinnuferlinu, frá hugmynd að fullunnu verki. Þar sem þau fá æfingu að útfæra verkefni sín.

Kennt verður 1 sinni í viku að keppni.

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð:

- Nemendur eru hvattir til að vinna út frá eigin styrkleika og áhugasviði og einnig til að finna sjálfir lausnir. Þannig byggja þeir upp þrautseigju og seiglu og læra að vera sjálfbjarga.

Læsi:

- Nemendur læra og þjálfast í að nota orð og orðaforða sem tilheyrir faginu.

Jafnrétti:

- Við fögnum margbreytileikanum og allir hafa sama rétt í skólanum.
- Nemendur hvattir til að hlusta og taka fordómalaust tillit til skoðana annarra.

Lýðræði og mannréttindi:

- Nemendur vinna í hópum þar sem þau þjálfast í að taka tillit til og virða skoðanir hvors annars
- Nemendur fá að ráða útfærslu hugmynda sinna eftir áhuga og bera því nemendur ábyrgð með kennara.

Sjálfbærni:

- Nýtni er höfð að leiðarljósi þar sem notast verður við gamlar flíkur, nytjamuni og gýmsanónothæfan efnivið sem þau gefa nýtt líf.
- Nemendur læra um mikilvægi þess að nýta allan efnivið á ábyrgan hátt.

Sköpun:

- Nemendur skapa og útfæra eigin verkefni í teikningu og vinnu.
- Þeir nota eigið ímyndunarafli, hugmyndir og útsjónarsemi við hönnun og útfærslu.
- Nemendur fá tækifæri til að sýna og nýta hæfileika sína á fjölbreyttan hátt.

Námsmat

Í námsmati er tekið tillit til vinnusemi, frágangi verkefna og framkomu. Námið miðast að því að nemendur öðlist hæfni til að hafa skoðanir og ábyrgð á eigin sköpun og vinnu. Halda sig við eigin ákvarðanir og reyna að leysa sem mest sjálfir og nýta til þess eigin þekkingu og leikni í bland við leiðsögn kennara. Vinna sjálfstætt og í samvinnu, hjálpast að og sýna frumkvæði. Kennslan miðast að því að efla þessa þætti þannig að nemendur öðlist trú á eigin getu og ánægju og not af eiginhandverki.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum.
Mæting	Kennari og nemendur mæta stundvíslega í tíma og eyða ekki of löngum tíma í að skapa þá ró sem er forsenda skemmtilegrar vinnu. Kennari og nemendur virða þannig tíma hvers annars.
Virgni í tímum	Ætlast er til að nemendur nýti tímann eins og best er á kosið, reyni að leysa verkefni sjálfir og hjálpast að.
Heimavinna	Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	
Stoðþjónusta nemenda	
Skyldur	Nauðsynlegt er að nemendur fylgist vel með innlögnum og sýnikennslu. Eftir það reyna þeir að vinna sjálfstætt, hjálpast að eða bíða þolinmóðir eftir aðstoð kennara. Við lærum líka af því að leiðbeina og hjálpa hvort öðru. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Nemendur vinna einstaklingsbundið og skila verkefnum þegar þeim er lokið.
Skyldur kennara	Kennarinn leggur inn verkefni, sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Rík áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga; vinni sjálfstætt, geri tilraunir og prófi sig áfram og öðlast þannig færni í að leysa vandamál, auk þess að þjálfra eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Nemendur vinni sjálfstætt, geri tilraunir og prófi sig áfram bæði í sköpun og aðferðum. Kennari skal vera vel undirbúinn og reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða, afla sér nýrra þekkingar og reyna að læra og gera betur. Hann skal leggja áherslu á góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi.